

frýjandans, bæjarstjórnarinnar á Akureyri. Þar eð nú það dómarastrarf, að gefa út dómsgjörðirnar í máli, ekki getur borið undir þann dómara, sem ekki að eins hefur vikið úr dómarsæti sínu, af því að hann er riðinn við málið, heldur jafnvel hefur flutt málið af hendi annars málspartsins, þá verða þær dómsgjörðir, sem hjer liggja fyrir og gefnar eru út af bæjarfógeta St. Thorarensen, ekki lagðar til grundvallar fyrir úrslitum málsins í yfirdóminum, og ber því að vísa því ex officio frá dómi.

Því dæmist rjett að vera:

Málinu vísast frá yfirdóminum.

Mánudaginn 12. júlímán.

Nr. 9/1875:

Rjettvisin

gegn

Erlendi Magnússyni.

Dómur.

Með dómi upp kveðnum fyrir aukarjetti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 21. desembermán. f. á. er Erlendur Magnússon, bóndi í Efrahreppi, dæmdur sýkn af ákærum rjettvisinnar, en til að borga allan málskostnað, þar á meðal 2 rd. til svaramanns síns í hjeraði, og er dómi þessum áfrýjað af hendi hins opinbera til yfirdómsins.

Undirrót málsins er sú, að í júnímánuði í fyrra kærði Þórður bóndi Þorsteinsson á Leirá fyrir sýslumanni, að 6 af sauðum hans hefðu fundizt rúnir þá um vorið, án þess að hann hefði getað komizt eptir, af hvers völdum það væri gjört. Ljet sýslumaður þá hreppstjórnann í Skorradal leita þjófaleit á nokkrum bæjum þar í sveitinni, þar sem helzt ljek grunur á, að sauðirnir hefðu verið rúnir, og fundust þá 4 sauðarreifir hjá hinum ákærða; voru þau geymd í kýrmeis úti

í skemmu, og ekkert leynilega með þau farið, enda skýrði ákærði, sem ekki var heima, þá er leitað var hjá honum, hreppstjóranum, er hann var spurður um, hvort hann ætti reifin, óðara frá, að hann hefði tekið þau af sauðum, sem Þórður bóndi á Leirá ætti, og hefði hann ætlað að skila þeim. Að vísu eru nokkur þau atvik komin fram undir rannsókn málsins, er gátu vakið grun um, að ákærði hafi upphaflega ætlað að leyna því, að hann rúði sauðina, svo sem, að hann við smala Þórðar bónda á Leirá neitaði að hafa sjeð sauðina, að hann ljét ullina af sauðunum saman við sína ull, og að hann eptir framburði stúlkubarns, sem hjálpaði honum til að rýja sauðina, sagði henni, er hún spurði hann um það, að hann ætti einn sauðinn, er var grár að lit; en þar sem ákærði stöðugt hefur borið fram, að hann hafi ætlað að skila ullinni, undir eins og hann ætti leið suður yfir Skarðsheiði, og að Þórður bóndi á Leirá hafi verið búinn að biðja sig að hirða ull af kindum hans, ef svo bæri undir — en Þórður eigi hefur þorað að bera á móti, að svo kunni að hafa verið — eins og ákærði heldur aldrei fyrri hefur haft neitt óord á sjer fyrir ófrómleik, þá verður yfirdómurinn að vera undirdómaranum samdóma um, að ákærða beri að dæma sýknan, þó þannig, að hann borgi allan af málssókninni löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum 10 krónur til hvors í málsfærslulaun.

Meðferð málsins í hjerði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Erlendur Magnússon á að vera sýkn af ákæru sóknarans í máli þessu, þó ber honum að borga allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til svaramanns síns í hjerði

Sigurðar Jónssonar 4 kr., og til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, organista P. Guðjohnsens og málaflutningsmanns Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors í málsfærslulaun.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 10/1875:

Rjettvisin
gegn

Sigurði Sigurðssyni.

Dómur.

Með dómi, upp kveðnum fyrir aukarjetti Húnavatnssýslu 26. febrúar þ. á., er hinn ákærði Sigurður Sigurðsson, vinnumaður á Refsteinsstöðum, dæmdur í 4 króna sekt og til að borga allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal 4 krónur í málsvarnarlauð til svaramanns síns í hjerði, og er þessum dómi áfrýjað til yfirdómsins eftir ósk hins ákærða.

Með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum, sem fram eru komnar í málinu, er það löglega sannað, að hann 19. sept. f. á., er hann var staddur í fjárrjett í Sigríðarstaðahólmum í Þverárhreppi, hafi beitt líkamlegu ofbeldi við Sigurð hreppstjóra Sigurðsson í Klömbur, er var þar við rjettina, til þess samkvæmt sýslun sinni að sjá um, að allt færi skipulega fram, og var hið umgetna líkamlega ofbeldi í því fólgið, að hinn ákærði fyrst við rjettardyrnar, þegar hreppstjórinn stóð þar til að sjá um innrekstur fjárens, ýtti við hreppstjóranum eða hratt honum, svo að hann hrasaði eða datt, og seinna, þegar hreppstjórinn stóð uppi á einum dilkveggnum til að sjá þaðan, hvernig innreksturinn gengi, ýtti ákærði í bakið á honum, svo að hreppstjór-